# TKÍ Bikarmót 1 af 3, veturinn 2011-2012

## Almennar upplýsingar

| | |
|---|---|
| **Ábyrgð**: | Taekwondsamband Íslands (TKÍ) |
| **Framkvæmd**: | Taekwondodeild Aftureldingar |
| **Mótstjóri**: | Richard Már Jónsson S:8920784 og rmj@simnet.is |
| **Mótsstaður**: | Íþróttamiðstöðin við Varmá, 270 Mosfellsbæ |
| **Mótssdagar**: | 19 & 20 nóvember |
| **Tími**: | Byrjar kl. 9:00 og stendur til 17:00 báða dagana |
| **Skráning**: | Skráning þáttakenda fyrir miðnætti 15 nóvember |
| **Þátttökugjald**: | 1.500 kr fyrir barnamótið á laugardag og 2.500 kr fyrir eldri á Sunnudag |

**Fyrirkomulag á Laugardegi (cated og minior):**

Mótið hefst kl 9:15. Allir keppendur skulu vera mættir í síðasta lagi 9:00. Reynt verður að hafa fjóra keppendur í hverjum flokki (flokkar verða sendir félögum eftir skráningarfrest, mótstjóri getur gert breytingar á fjölda í flokk, ef það hentar betur (3 til 6) )
Tveir flokkar fara ávallt saman til keppni og eru kallaðir upp að checkborði í hátalarakerfi. Mæta skal með punghlíf á sér (strákar), legghlífar, framhandleggshlífar, hjálm og brynju að checkborði.
Hópstjóri mótsins tekur við keppendum (um 8 manns) og fer með þá að púmse gólfi. Keppendur setjast niður meðfram rauða gólfinu og geyma hlífar fyrir aftan sig. Púmse dómari kallar upp hvern keppanda fyrir sig sem gerir púmse að eigin vali (2 upp eða 2 niður fyrir sitt belti) og sest síðan niður á sinn stað að því loknu.

Eftir að púmse hluta er lokið fer hópstjóri með keppendur á næsta lausa gólf. Þar eru bardagarnir skipulagðir eftir stafrófsröð. Mikilvægt er að keppendur fari ekki frá gólfinu á meðan flokkurinn er í keppni. Ástæðan fyrir því að það séu tveir flokkar að keppa í einu er til að búa til a.m.k tveggja bardaga hvíld fyrir keppendur.
Ekki er keppt um 3-4. Sætið í cadet flokki.
Hópstjóri sér um að upplýsa keppendur flokksins og þjálfara hver er næstur á gólfið. Þeir skulu vera tilbúnir í brynju með réttum lit svo hægt sé að hefja hvern bardagann á eftir öðrum með sem minnstu hléi á milli.

Að þessu sinni verða trít til fjórir dómarar á hverju gólfi og tveir til þrír þeirra þurfa að gefa stig á innan við 1.5 sekúndu svo að það gildi. Félög mega rótera dómurum í sínu sæti að vild. Ekki er krafist dómararéttinda af hornadómurum dómurum (þó það sé að sjálfsögðu æskilegt) og gefst félögum þess vegna tækifæri til að þjálfa áhugasamt fólk frá sínu félagi sem hornadómara.
Gefin eru 2 stig fyrir snúningsspörk (snúningsbogaspark, nareban og bakspark) en eitt stig fyrir önnur spörk sem hitta á litaða hluta brynjunnar. Ef keppandi sparkar í höfuð andstæðings fær hann heilt refsistig (*gamjeom*) og ef hann sparkar aftur í höfuð er hann dæmdur úr leik. Gefið er 1 kjongó fyrir að stíga út fyrir dýnurnar.

Hvert félag fær úthlutað dómarasæti sem það skal sjá um að skaffa dómara í.

**Beltaflokkar**:
Leitast verður við að hafa eftirfarandi beltaflokka en, mótstjóri getur gert breytingu þar á ef það hentar betur. (félögum verður sendur listi yfrir hópaskiptinuna fyrir mót).

A= 4 – 1kup og Poom+ B= 7-5 Kup C= 9-8 Kup

**Fyrirkomulag á sunnudegi (junior, senior og superior):**

Mótið hefst kl 9:15. Allir keppendur skulu vera mættir í síðasta lagi 9:00. Reynt verður að fara eftir wtf reglum um þyngdar og belta flokka (en mótstjóri áskilur sér rétt til að gera breytingar þar á ef það hentar betur,)
(Beltaflokkar**:** A = 1 Dan+     B = 4–1 Kup    C = 7-5 kup     D = 9-8 kup)

Hver flokkur er kallaður upp að checkborði í hátalarakerfi. Mæta skal með pung/klof hlíf á sér, legghlífar, framhandleggshlífar, hjálm og brynju að checkborði áður en farið er í bardaga.

Áætlaðir timar á poomse gólf og bardagagólfin verða gefnir upp eftir að skráningu er lokið og hópa/flokkaskipting liggur fyrir. (og verður flokka og hópaskipting send félögunum fyrir mót)

**Poomsae:**

Mótsfyrirkomulag fyrir lægri belti (5. kup – 9. kup) í fullorðinsflokkum og junior mun vera óbreytt frá því sem áður hefur verið, þ.e. keppendur velja sjálfir taeguek, mest tveimur taeguekum hærra og fjórum gráðum undir það belti sem keppandi ber, t.d. ef keppandi er með 5. kup má hann gera taeguek il jang - Chil jang
Mótsfyrirkomulag fyrir 4. kup og hærra í fullorðins- og junior,  breytast og líkjast meira reglum WTF. Sama fyrirkomulag og var á íslandsmeistaramótinu.
Skipt verður í tvo flokka, 4. – 1. kup og 1. dan og hærra. Dregið verður um hvaða taeguek/poomse þessir flokkar munu keppa í, og munu allur flokkurinn keppa í sama taeguek/poomse. Fyrir flokk 1 (4.-1. kup) mun verða dregin 2 form frá taeguek Sah-jang upp í poomse Koryo. Fyrir flokk 2 (1. dan+) verða dregin 2 form frá taeguek pal-jang upp í poomse Pyongwon.

**Sparring:**
Að þessu sinni verða notaðar nýjar keppnisrafbrynjur og þurfa því hornadómarar einungis að gefa stig fyrir höfuðspörk og auka stig fyrir snúningsspörk.
Lagt er upp með að hafa þrjá dómara á hverju gólfi og tveir þeirra þurfa að gefa stig á innan við hálfri sekúndu svo að það gildi. Félög mega rótera dómurum í sínu sæti að vild. Ekki er krafist dómararéttinda af hornadómurum dómurum (þó það sé að sjálfsögðu æskilegt) og gefst félögum þess vegna tækifæri til að þjálfa áhugasamt fólk frá sínu félagi sem hornadómara.

Hvert félag fær úthlutað dómarasæti sem það skal sjá um að skaffa dómara í.

**MIKILVÆGT!!**
**Dómarar:**

Hvert félag skal skaffa
1 hornadómara sparring fyrir hverja 5 iðkendur sem skráðir eru
1 Bardagstjóra fyrir hverja 10 iðkendur
1 Poomsae dómara fyrir hverja 10 iðkendur.
(dæmi ef félag skráir 19 iðkendur þá þarf félagið að skaffa 4 hornadómara, tvo bardagastjórav og tvo poomsae dómara)
Félög geta að sjálfsögðu samið sín á milli um dómara málin þau þurfa bara að skaffa dómara í þau sæti sem verða merkt félögunum.

**Verðlaun**
Veitt verða medalíur í öllum greinum og flokkum (bæði á fullorðinsmótinu og barnamótinu).
(Gull, Silfur og Brons og á barna mótinu fær fjórða sætið einnig brons öll börn fara heim með medalíu)
Veitt verða verðlaun fyrir keppanda mótsins (karla og kvenna í yngri og eldri flokk), einnig fær stigahæðsti eintaklingurinn í poomsae og sparring í yngri og eldri flokk kvenna og kerla verðlaun og félag mótsins, samanlögð stig fyrir báða keppnisdagana gilda.

Stigagjöf er eftirfarandi :

| | |
|---|---|
| Félag mótsins | 7 stig |
| Keppandi mótsins (kk,kvk) | 7 stig |
| Stigahæðsti í sparring (kk,KVK) | 7 stig |
| Stigahæðsti í poomsae (kk/kvk) | 7 stig |
| 1. sæti Gull | 7 stig |
| 2. sæti Silfur | 5 stig |
| 3. sæti Brons | 3 stig |

Að öðru leiti er mótstjóri alráður á mótinu og ber að koma kvörtunum til hans.
Mótstjóri ákylur sér rétt til að gera breytingar ef þurfa þykir.